

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS

frá 21. nóvember 1990

um samþykkt áætlunar til fleiri ára til að stuðla að tungumálafjölbreytni bandalagsins í upplýsingaþjóðfélaginu

(96/664/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3. mgr. 130. gr.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum svæðanefndar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilkoma upplýsingaþjóðfélagsins veitir iðnaðinum, einkum tungumálaiðnaðinum, nýja möguleika á samskiptum og viðskiptum á Evrópu- og heimsmarkaði þar sem ríkir mikil fjölbreytni hvað varðar tungumál og menningu.
- 2) Iðnaðurinn og allir aðrir hlutaðeigandi aðilar þurfa af finna sérstakar og viðunandi lausnir til að vinna bug á tungumálhindrunum ef þeir eiga að geta notið að fullu góðs af kostum innri markaðarins og verið áfram samkeppnishæfir á heimsmarkaði.
- 3) Í einkageiranum á þessu sviði eru fyrst og fremst lítil og meðalstór fyrirtæki sem standa frammi fyrir verulegum erfiðleikum við að höfða til mismunandi tungumálamarkaða og þurfa því stuðnings með, einkum ef tekið er tillit til atvinnuskapandi hlutverks þeirra.
- 4) Nauðsynlegt er að hvetja til að notuð sé tækni, tæki og aðferðir sem draga úr kostnaðinum við það að flytja upplýsingar milli fólks eða búnaðar sem notar mismunandi tungumál en tryggja um leið gæði þýðinganna, einkum þegar um ræðir bókmenntaþýðingar, sem krefjast sérstaks skapandi vinnuframlags.
- 5) Þegar Evrópuráðið kom saman á Korfú 24. og 25. júní 1994 lagði það áherslu á mikilvægi tungumálafjölbreytni og Evrópuráðið ítrekaði í Cannes 26. og 27.

júní 1995 mikilvægi tungumálafjölbreytni Evrópusambandsins; á ráðherraráðstefnu sjö helstu iðnríkja heims í Brussel 25. og 26. febrúar 1995 var athygli vakin á mikilvægi tungumála- og menningarfjölbreytni í víðtæka upplýsingaþjóðfélaginu.

- 6) Tilkoma upplýsingaþjóðfélagsins gæti veitt evrópskum borgurum betri aðgang að upplýsingum og einstakt tækifæri til að fá aðgang að menningarlegum og tungumálalegum auði og fjölbreytileika Evrópu.
- 7) Málstefna er á ábyrgð aðildarríkjanna, með tilliti til bandalagslaga. Þó er það að stuðla að þróun nútímalegra verkfæra til vinnu með tungumál og notkun þeirra svið þar sem þörf er aðgerða frá hendi bandalagsins til að ná umtalsverðri stærðarhagkvæmni og samheldni milli hinna ýmsu málsvæða. Aðgerðir á vettvangi bandalagsins þurfa að miðast við markmiðin sem stefnt er að og varða aðeins þau svið sem líklegt er að leiði til virðisauka fyrir bandalagið.
- 8) Aðildarríkin gætu íhugað að nota þróunarsjóðina innan núverandi lagaramma til að auka færni í tungumálum í upplýsingaþjóðfélaginu.
- 9) Bandalaginu ber að taka tillit til menningar- og tungumálabátta upplýsingaþjóðfélagsins.
- 10) Nauðsynlegt er að gera átak til að tryggja að allir evrópskir borgarar hafi jöfn tækifæri til þátttöku í upplýsingaþjóðfélaginu, óháð félagslegri, menningarlegri, tungumálalegri eða landfræðilegri stöðu þeirra.
- 11) Nauðsynlegt er að borgararnir hafi sanngjarnan aðgang að upplýsingum. Þeir skulu eiga vól á fyrrnefndum upplýsingum á eigin tungumáli.
- 12) Tungumál sem útilokuð væru frá upplýsingaþjóðfélaginu ættu á hættu að verða ýtt til hliðar á skömmum tíma.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 198, 8. 7. 1996, bls. 248.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 212, 22. 7. 1996, bls. 19.

⁽³⁾ Áliti var skilað 13. júní 1996 (Stjtið. EB nr. C 337, 11. 11. 1996)

- 13) Bæta ber aðgang að upplýsingum með kunnáttu borgaranna í öðrum tungumálum. Þar af leiðandi eru þessari áætlun til viðbótar framtaksverkefni á vegum bandalagsins til að auka kenngslu í öðrum tungumálum bandalagsins í skólum.
- 14) Það er bandalaginu í hag að styðja viðleitni við að koma upp grunnvirki sem hvetur til gerðar og nýtingar tungumálaaðfanga sem nauðsynleg eru til að bæta tungumálaþjónustu og -verkfæri og stuðla að rannsóknum, tækni og þróun.
- 15) Til að draga úr samskiptakostnaði og standa vörð um tungumálaþjónbreytni ber að auka þekkingu á fjöltyngdri þjónustu innan bandalagsins sem notar tungumálatækni, -aðföng og -staðla, og styðja hana, svo og það að hún sé felld inn í hugbúnað.
- 16) Hvetja ber fyrirtæki á sviði upplýsinga- og samskiptatækni til að semja staðla sem taki tillit til tungumálaþjónbreytni og til að nota þá í vörum sínum og búnaði.
- 17) Gagnlegt er fyrir stofnanir bandalagsins og hlutaðeigandi yfirvöld í aðildarríkjunum að eiga nánari samvinnu til að draga úr kostnaðinum við þróun og notkun tungumála-verkfæra sem nauðsynleg eru til að sinna verkefnum þeirra með því að nýta til fulls þá fyrirgreiðslu sem þessi áætlun veitir og bandalagsframtakið sem samþykkt var með ákvörðun ráðsins 95/468/EB frá 6. nóvember 1995 um framlag bandalagsins til fjarvirkra skipta á gögnum milli stjórnsýsludeilda innan bandalagsins⁽¹⁾.
- 18) Samhæfa ber aðgerðir við framkvæmd þessarar áætlunar náið öðrum framtaksverkefnum einstakra landa og bandalagsins, eins og meðal annars var lýst í grófum dráttum í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar „Evrópa á leið inn í upplýsingaþjóðfélagið — aðgerðaáætlun“ og þetta ber að gera í samvirkni við framtaksverkefni framkvæmdastjórnarinnar á sviði menntamála, þjálfunar, nýsitækni, upplýsingaskipta, rannsókna, tækni og þróunar og lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
- 19) Framkvæmdastjórnin skal með viðeigandi samhæfingartilhögun sjá til þess að framtaksverkefni bandalagsins bæti hvert annað upp og séu samvirk.
- 20) Rétt er að fylgjast stöðugt og kerfisbundið með framgangi áætlunarinnar með það fyrir augum að laga hana ef með þarf að þróun hvað varðar fjöltyngni.
- Með tíð og tíma ætti að fara fram sjálfstætt mat á framgangi áætlunarinnar til að veita bakgrunnsupplýsingar sem þörf er á til að ákvarða markmið síðari aðgerða.
- 21) Í lok áætlunarinnar ber að gera lokamat á niðurstöðunum sem fengist hafa borið saman við markmiðin sem sett eru fram í þessari ákvörðun.
- 22) Aðgerðirnar í þessari áætlun brjóta ekki í bága við samkeppnisreglur bandalagsins.
- 23) Í þessari ákvörðun er tilgreind viðmiðunarupphæð fyrir fjárhag allrar áætlunarinnar í skilningi 2. liðar í yfirlýsingu Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. mars 1995, án þess að það hafi áhrif á valdsvið fjárveitingayfirvaldsins eins og það er skilgreint í sáttmálanum.
- 24) Það væri öllum í hag ef alþjóðastofnanir og lögaðilar frá þriðju löndum kæmu að framkvæmd allrar áætlunarinnar eða hluta hennar, að teknu tilliti til almennrar stefnu bandalagsins gagnvart þessum stofnunum. Fella ber samvinnu við þriðju lönd á þessu sviði að áætlunum um efnahagslega og tæknilega samvinnu bandalagsins við þriðju lönd.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

\Article{1}

Hér með er samþykkt bandalagsáætlun og skulu markmið hennar vera:

- að auka þekkingu á fjöltyngdri þjónustu innan bandalagsins sem notar tungumálatækni, -aðföng og -staðla, og styðja hana,
- að skapa aðstæður sem eru hagstæðar fyrir þróun tungumálaíðnaðar,
- að draga úr kostnaði við yfirfærslu upplýsinga milli tungumála, einkum vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja,
- að leggja eitthvað af mörkum til stuðnings tungumálaþjónbreytni innan bandalagsins.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „fjöltyngd þjónusta“: þjónusta sem gerir notendum mismunandi tungumála innan bandalagsins kleift að eiga samskipti sín á milli;
- b) „tungumálaíðnaður“: fyrirtæki, stofnanir og fagmenn sem veita eða gera kleift að veita eintýngda eða fjöltyngda þjónustu á sviðum á borð við upplýsingaheimt, þýðingar, máltölvun og rafrænar orðabækur.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 269, 11. 11. 1995, bls. 23.

2. gr.

Til að ná megi markmiðunum sem um getur í 1. gr. ber að grípa til eftirfarandi aðgerða í samræmi við aðgerðalínurnar í I. viðauka og framkvæmdaraðferðir áætlunarinnar sem settar eru fram í III. viðauka.

- stuðnings við sköpun þjónusturamma fyrir tungumálaaðföng og hvatningar til þeirra tengsla sem slíkur rammi byggist á,
- hvatningar til að nota tungumálatækni, -aðföng og -staðla og fella inn í tölvubúnað,
- stuðnings við notkun þróaðra tungumálaverkfæra í bandalaginu og hinu opinbera í aðildarríkjunum,
- fylgiráðstafana.

Engin þessara aðgerða má skarast við starf sem unnið er á þessum sviðum innan ramma annarra bandalagsáætlana eða áætlana einstakra ríkja.

Í ráðstöfunum bandalagsins vegna allra fyrirhugaðra áætlana skal taka tillit til þeirra samstarfssamninga sem til eru á innlendum, bandalags- og alþjóðlegum vettvangi um samnýtingu aðfanga á sviði þýðinga, íðorða, orðasafna og textasafna, til að nýta megi búnað sem fyrir er og forðast tvíverknað.

3. gr.

Áætlunin skal hefjast daginn sem þessi ákvörðun er samþykkt og standa í þrjú ár.

Viðmiðunarupphæðin fyrir fjárhag við framkvæmd þessarar áætlunar fyrir fyrrnefnt tímabil skal vera 15 milljónir evrópskra mynteininga (ECU).

Fjárveitingayfirvaldið skal heimila árlegu fjárveitingarnar innan marka fjárhagsáætlunar.

Í II. viðauka er að finna leiðbeinandi sundurliðun útgjalda.

4. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar og samræmingu hennar við aðrar áætlanir bandalagsins.

Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem í eru fulltrúar aðildarríkjanna og skal formaður nefndarinnar vera fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögnum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn

setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitnið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. Sáttmálan þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.
- b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álitni, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.
- c) Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

5. gr.

1 Málsmeðferðin í 4. gr. gildir um:

- samþykkt vinnuáætlunar,
- sundurliðun útgjalda,
- viðmiðanir vegna beiðna um tillögur og innihald þeirra,
- mat á verkefnum sem lögð eru til í tengslum við leit eftir tillögum vegna fjármögnunar bandalagsins og áætluð upphæð framlags bandalagsins vegna hvers verkefnis, sé sú upphæð jöfn eða hærri en 100 000 ECU; sé upphæðin á hinn bóginn lægri en 100 000 ECU skal framkvæmdastjórnin eingöngu kynna nefndinni verkefnin og niðurstöður matsins á þeim,
- ráðstafanirnar til að leggja mat á áætlunina,
- öll frávik sem kunna að vera frá þeim reglum sem venjulega gilda eins og þær koma fram í III. viðauka,
- þátttaka lögaðila frá þriðju löndum og alþjóðastofnana í verkefnum.

2 Framkvæmdastjórnin skal reglulega gera nefndinni grein fyrir framgangi við framkvæmd áætlunarinnar í heild.

6. gr.

1 Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að aðgerðir samkvæmt þessari ákvörðun gangist undir nákvæmt fyrirfram mat, eftirlit og mat eftir á.

2 Meðan á framkvæmd verkefna stendur og eftir að þeim lýkur skal framkvæmdastjórnin leggja mat á það hvornig að þeim hefur verið staðið og á áhrif framkvæmdar þeirra til að dæma um það hvort upprunalegu markmiðunum hefur verið náð.

Í þessu sambandi skal framkvæmdastjórnin einkum rannsaka að hvaða marki markhópurinn lítill og meðalstór fyrirtæki hefur notið góðs af verkefnunum sem framkvæmd voru.

3 Styrkþegarnir sem valdir voru skulu skila framkvæmdastjórninni ársskýrslu.

4 Þegar nefndin sem um getur í 4. gr. hefur kannað skýrslurnar, skal framkvæmdastjórnin skila Evrópuþinginu, ráðinu, efnahags- og félagsmálanefnd og svæðanefnd áfanga- og lokamatsskýrslu á grundvelli greininga óháðra sérfræðinga á niðurstöðunum sem hafa fengist við framkvæmd aðgerðanna sem um getur í 2. gr. Framkvæmdastjórninni er heimilt að leggja fram á grundvelli fyrirnefndra niðurstaðna tillögur að breytingum á stefnu áætlunarinnar.

Fyrirnefnda greiningu skal leggja fram áður en samþykkt er nokkur framhaldsáætlun.

7. gr.

Í samræmi við málsmeðferðina í 4. gr. er heimilt að hafa þátttöku í \nybls áætluninni opna lögaðilum sem hafa

staðfestu í þriðju löndum og alþjóðastofnunum, án fjárstuðnings við áætlunina frá bandalaginu, ef slík þátttaka hefur mikla þýðingu fyrir framkvæmd áætlunarinnar og að teknu tilliti til reglunnar um hag beggja aðila.

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. nóvember 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

N. BHREATHNACH

forseti.

I. VIDAUKI]

AÐGERÐALÍNUR

1. **1. aðgerðalína: Stuðningur við sköpun þjónusturamma fyrir tungumálaaðföng og hvatning til þeirra tengsla sem slíkur rammi byggist á**

Tungumálaaðföng á borð við orðabækur, íðorðasöfn, málfræðibækur, söfn texta og hljóðritana eru nauðsynlegt hráefni fyrir málvísindarannsóknir, þróun verkfæra til vinnu með tungumál í gagnavinnslukerfum, tungumálanám og til að bæta þýðingastörf. Aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og einkafyrirtæki hafa þegar lagt umtalsvert fé í að framleiða tungumálaaðföng. Þó eru þessi aðföng misstór og -flókin, einkum háð því hversu mikil eftirspurn er eftir hlutaðeigandi tungumáli í opinberum geira eða einkageira bandalagsins, og hindrar það tungumálafjölbreytni. Að auki stendur það fullri nýtingu þeirra aðfanga sem til eru nú fyrir þrífum að þau eru að mestu eintyngd, oft er erfitt að finna þau og stundum eru þau ólík að grunngerð, sem kemur í veg fyrir víðtæka notkun þeirra. Markmið þessarar aðgerðalínu er að styðja gerð evrópsks grunnvirkis fjöltyngdra aðfanga fyrir öll evrópsk mál og að örva gerð rafrænna tungumálaaðfanga. Flest fyrirtækin sem starfandi eru á þessu sviði eru lítil eða meðalstór fyrirtæki, sem oft eru nýskapandi og skilvirk, en hafa oft ófullnægjandi fjárráð í ljósi þeirra fjárfestinga sem nauðsynlegar eru.

- 1.1. Stuðningur og samvirkni við samtök opinberra og einkarekinna birgja og notenda á sviði rafrænna textasafna, orðasafna, hljóðritana og íðorðasafna kann að stuðla að því að markmið þessarar áætlunar náist og leggja rækt við evrópska samvinnu um fáanleika og samhæfi gagnagrunna og neta, stöðlun, gæðavottun og mótun eignarréttar, notendaaðgangsréttar og kostnaðarstefnu.
- 1.2. Til að framfarir geti orðið í evrópskum tungumálaiðnaði er nauðsynlegt að fáanleg séu orðasöfn og texta- og hljóðritasöfn sem henta ýmiskonar búnaði og ná til allra Evrópumála. Flest þau aðföng sem nú er völ á eru ekki heil, misstór og -flókin, eintyngd og ósamhæfð innbyrðis, sem gerir þau ónothæf við gerð fjöltyngds búnaðar. Framkvæmdastjórnin mun hvetja til þess að gripid verði til samstilltra aðgerða milli opinberra og einkarekinna aðila í hinum ýmsu aðildarríkjum með það fyrir augum að þróa staðla og samhæfð tal- og orðaaðföng.
- 1.3. Starfið á sviði íðorðafraði nær til margs konar starfsemi sem er mikilvæg fyrir verslun, vísindi, menningarmál og tækni og framkvæmd ákvarðana, tilskipana og reglugerða bandalagsins. Þetta starf er í höndum margra mismunandi opinberra og einkarekinna aðila sem oft skortir fé til að samræma aðgerðir sínar við mótaðila sína í öðrum aðildarríkjum.

Einnig á þessu sviði mun framkvæmdastjórnin hvetja til að hafnar verði samstilltar aðgerðir milli hagsmunaaðila í hinum ýmsu aðildarríkjum á sviðum sem hafa forgang með tilliti til þess að ná markmiðum stefnu bandalagsins hvað varðar staðla, upplýsingamiðlun og net.

- 1.4. Framkvæmdastjórnin mun sjá til þess að samstilltar aðgerðir sem hún styður hafi viðeigandi tengsl við alþjóðlega starfsemi á þessu sviði.

2. **2. aðgerðalína: Hvatning til að nota tungumálatækni, -aðföng og -staðla og fella inn í tölvubúnað**

Það er hlutverk einkageirans að framleiða og markaðssetja nútímaleg verkfæri sem auðvelda þróun fjöltyngds gagnavinnslubúnaðar og yfirfærslu upplýsinga milli tungumála. Evrópa býr yfir traustum tæknilegum grunni á þessu sviði sem rannsóknar- og þróunaráætlanir bandalagsins hafa styrkt, einkum áætlanir sem tengjast upplýsinga- og samskiptatækni og fjarvirk gagnaskiptakerfi sem hafa almennt gildi. Þó er Evrópumarkaðurinn á eftir hvað snertir það að nýta framfarir sem orðið hafa í rannsóknum á sviði máltölvunar. Gera þarf einbeitt átak til að hraða á því að koma nýrri málvinnslutækni á markaðinn, einkum sem hluta af aðgerðum til að miðla og nýta niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið innan rammaáætlunarinnar og sérstöku áætlana. Allar aðgerðalínurnar sem lagðar eru til í þessari áætlun miða að því að skapa umhverfi sem stuðlar að vexti tungumálaiðnaðar á borð við máltölvun og þýðingaiðnað.}

Markmið þessarar aðgerðalínu er að knýja tungumálaiðnaðinn til aðgerða með því að örva tæknilega yfirfærslu og eftirspurn með takmörkuðum fjölda tilraunaverkefna með deildum kostnaði, sem gætu verkað sem hvati á tilteknum lykilsviðum.)

Leita skal samvirkni með þessari áætlun og hinum áætlununum sem tengjast upplýsingaþjóféluginu, einkum fjórðu rammaáætluninni um rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni, samþætta áætluninni fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og handverksfyrirtæki og framtaksverkefninu um skipti á gögnum og hinni fyrirhuguðu Ariane-áætlun, en þó skal forðast tvíverknað.

- 2.1. Í nokkrum greinum hafa verið gerðar tilraunir með takmarkað mál til að auðvelda gerð tæknilegra skjala og notendaupplýsinga. Þessi aðferð bætir almenna meðferð skjalanna og gerir kleift að koma við vélþýðingu á skilvirkan hátt. Takmarkaður fjöldi verkefna með deildum kostnaði mun sýna kostnaðarhagkvæmni þess að samþætta takmarkað mál og verkfæri til að semja og þýða í starfandi kerfi til að meðhöndla skjöl í ýmiss konar umhverfi í iðnaði og viðskiptum.
- 2.2. Sífellt verður meiri eftirspurn í upplýsingaþjóféluginu eftir staðfæringu margmiðlunarhugbúnaðar, þar á meðal þýðingum á töluðu og rituðu máli. Til að örva atvinnumensku og bæta samkeppnishæfni staðfæringar- og margmiðlunariðnaðarins verður leitað eftir takmörkuðum fjölda verkefna með deildum kostnaði sem sýna eiga samþættingu staðfæringaraðferða og -verkfæra, þjálfun staðfæringarstarfsliðs og þróun viðmiðunarreglna um bestu framkvæmd sem hafa sérstaka þýðingu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.
- 2.3. Framkvæmdastjórnin mun stuðla að því að þýðinga- og túlkunariðnaðurinn noti net. Þau veita aðgang að þróuðum verkfærum, þar á meðal rafrænum orðabókum, bæta skipulag, leyfa samþættingu við aðra starfsemi og bæta almennt starfsemi þýðingamarkaðarins. Í útboði verður leitað að skilgreiningu og framkvæmd evrópskrar þýðingaleitarþjónustu, skilgreiningu á opnu þýðingumhverfi í Evrópu og sýningu á evrópskri fjarþýðingu og fjartúlkun í tengslum við þýðingaiðnaðinn og -greinina.

Í samráði við hlutaðeigandi aðila, þar á meðal þýðingaskóla, skal framkvæmdastjórnin kanna þær ráðstafanir sem gera þarf til að hraða netvæðingu hennar og færa hana nær hugsanlegum notendum.

- 2.4. Þær upplýsingar og sú tækni á sviði iðorðafræði og þýðinga sem fánleg er hjá stofnunum bandalagsins verða gerðar aðgengilegar öllum hagsmunaaðilum eftir því sem mögulegt er. Einfaldaður verður aðgangur að þeim gögnum sem máli skipta þannig að jafnvel litlum og meðalstórum fyrirtækjum verði kleift að nota þær á kostnaðarhagkvæman hátt.

3. 3. aðgerðalína: Stuðningur við notkun þróaðra tungumálaverkfæra í bandalaginu og hinu opinbera í aðildarríkjunum

Í mörgum bandalagsáætlunum er viðurkennt hvetjandi hlutverk einkageirans fyrir fljóta og víðtæka viðtöku almennra staðla. Með frekari þróun innri markaðarins og afnámi innri landamæra verður aukning í yfirfærslu upplýsinga milli yfirvalda í hinum ýmsu aðildarríkjum. Þau munu æ oftast standa frammi fyrir aðstæðum þar sem þau þurfa á þróuðum tungumálaverkfærum að halda til að gera samskipti við mótaðila sína í öðrum aðildarríkjum auðveldari og ódýrari. Skipti á reynslu aðildarríkjanna og bandalagsins af fjöltyngni og deiling tungumálaaðfanga sem hver aðili um sig framleiðir geta komið að gagni við að ná stærðarhagkvæmni og minnka kostnað við fjöltyngd samskipti.

- 3.1. Takmarkið er að stuðla að samvinnu milli yfirvalda í aðildarríkjunum og stofnana bandalagsins til að draga úr kostnaði við fjöltyngd samskipti í evrópska opinbera geiranum, einkum með því að koma þróuðum tungumálaverkfærum undir eina stjórn. Þetta mun stuðla að því að stofnuð verði grunnvirki sem gera öllum aðilum kleift að nota hin ýmsu málaverkfæri sem völ er á hjá stofnunum bandalagsins og hinum ýmsu yfirvöldum án þess að það komi niður á starfsemi þeirra eins og hún er nú, og hvetur til samleitni í framtíðarþróun.
- 3.2. Haldið verður áfram starfi að samvinnuverkefnum með deildum kostnaði með tilteknum aðildarríkjum í þeim tilgangi að bæta iðorðaverkfæri og þýðingakerfi með aðstoð tölvu sem til eru, og það verður útvíkkað þannig að að því komi önnur aðildarríki sem áhuga hafa, einkum þau ríki sem nota tungumál sem hafa litla útbreiðslu.

- 3.3. Gert verður sérstakt átak til að færa tungumálaverkfærin fyrir nýju opinberu bandalagsmálin upp á sama stig og hin.

4. **Fylgiráðstafanir**

Til að koma megi á fjöltyngdu upplýsingaþjóðfélagi þarf að setja saman samleitnar áætlanir af hálfu opinberra yfirvalda, samtaka og stofnana sem starfa að þróun tungumálaaðfanga og -verkfæra, tilraunanotenda og fyrirtækja á markaðnum sem framleiða og dreifa upplýsingaþjónustu eða útvega málavinnsluverkfæri, -þjónustu og -kerfi. Framkvæmdastjórnin mun gera eftirfarandi ráðstafanir til að aðstoða við þetta:

- styðja tæknistaðla sem uppfylla tungumálaþarfir notenda,
- skipuleggja samstillingu og samræmingu milli helstu aðila sem starfa að þróun fjöltyngds upplýsingaþjóðfélags,
- leggja mat á framfarir í átt að fjöltyngdu upplýsingaþjóðfélagi og bera kennsl á þær hindranir sem eftir eru,
- koma af stað kynningarstarfsemi og herferðum til að auka vitund notenda og styðja skipti á reynslu af bestu framkvæmd,
- kanna möguleika á gjöfulli samvinnu við þriðju lönd og fjöltyngdar alþjóðastofnanir.}

*II. VIÐAUKI}***LEIÐBEINANDI SUNDURLIÐUN KOSTNAÐAR**

1. Stuðningur við gerð þjónusturamma fyrir tungumálaaðföng og hvatning til þeirra tengsla sem slíkur rammi byggist á (29-38%).
2. Hvatning til að nota tungumálatekni, -aðföng og -staðla og fella inn í tölvubúnað (29-38%).
3. Stuðningur við notkun þróaðra tungumálaverkfæra í bandalaginu og hinu opinbera í aðildarríkjunum (29-38%).
4. Fylgiráðstafanir (4-9%).

SAMTALS: 100%

III. VIÐAUKI

ADFERÐIR VIÐ FRAMKVÆMD ÁÆTLUNARINNAR

1. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma áætlunina í samræmi við tækniforskriftirnar í I. viðauka.}
2. Þar sem við á skal framfylgja aðgerðalínum áætlunarinnar með verkefnum með deildum kostnaði, nema þar sem um ræðir þróun fyrir stofnanir bandalagsins, en þá er heimilt að fjármagna í upphafi allt að 100%. Fjárframlag bandalagsins skal ekki fara fram úr því lágmarki sem þykir nauðsynlegt fyrir verkefnið og það skal að jafnaði aðeins veita ef verkefnið steytir á fjárhagslegum hindrunum sem ekki er unnt að komast fram hjá með öðrum hætti. Að auki skal fjárframlag bandalagsins að öllu jöfnu ekki fara fram úr 50% af kostnaði við verkefnið nema í undantekningartilvikum sem réttlætt eru á tilhlýðilegan hátt, einkum með tilliti til þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja og verr settra svæða, og skal þetta hlutfall minnka eftir því sem verkefni nálgast markaðssetningu. Háskólar, aðrar stofnanir og rannsóknarstöðvar sem ekki skila hagnaði og ekki hafa kostnaðarbókhald skulu fá endurgreidd 100% aukakostnaðar síns.
3. Val verkefna með deildum kostnaði er að jafnaði byggt á venjulegu málsmeðferðinni við leit eftir tillögum sem birt er í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Setja skal markmiðin fram í vinnuáætlunum sem teknar eru saman í náinni samvinnu við markaðsaðila og nefndina sem um getur í 4. gr. þessarar tilskipunar.
4. Í undantekningartilvikum er framkvæmdastjórninni heimilt, að fengnu álitni nefndarinnar sem um getur í 4. gr., að íhuga tillögur að verkefnum sem ekki hefur verið leitað eftir en sem kunna að fela í sér sérlega efnilega og mikilvæga þróun í átt að markmiðum áætlunarinnar og ekki væri unnt að leggja fram við venjulega málsmeðferð við leit eftir tillögum.
5. Með umsóknum um stuðning frá bandalaginu skal fylgja, ef við á, fjárhagsáætlun þar sem fram koma allir þættir fjármögnunar verkefnanna, að meðtöldum fjárstuðningi sem beðið hefur verið um frá bandalaginu og öðrum styrkjum sem sótt hefur verið um eða fengið hafa úr öðrum áttum.
6. Stuðningur við viðleitni til að koma upp grunnvirkjum fyrir tungumálaaðföng og/eða við notkun þróaðra tungumálaverkfæra í opinberum geira bandalagsins og aðildarríkjanna gæti farið fram sem samstilltar aðgerðir til að samræma þróun fjöltyngdra tungumálaaðfanga, einkum um „samstillingarnet“. Fjárframlag bandalagsins má nema allt að 100% samstillingarkostnaðarins.
7. Verkefni sem eru fjármögðuð að öllu leyti úr sjóðum bandalagsins innan ramma rannsóknar- og þjónustusamninga skulu framkvæmd með útboði framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við ákvæði fjárhagsreglugerðarinnar \Nmgr(1) og reglugerðarinnar sem setur ákvæði um framkvæmd fjárhagsreglugerðarinnar. Gagnsæi verður tryggt með því að birta vinnuáætlunina og dreifa henni reglulega til fagfélaga og annarra hagsmunaaðila.
8. Til að framkvæma áætlunina skal framkvæmdastjórnin einnig gera aðgerðir sem ákveðnar eru í samræmi við almenn markmið áætlunarinnar og sérstök markmið hverrar aðgerðalínu. Meðal slíkra aðgerða skulu vera málstofur, málþing, ráðstefnur, rannsóknir, útgáfustarfsemi, vitundarherferðir, þjálfunarnámskeið, þátttaka í samvinnuverkefnum með yfirvöldum í aðildarríkjunum, stofnunum bandalagsins og alþjóðastofnunum, aðstoð við málefirlitsstofnanir í einstökum löndum sem viðurkenndar eru af opinberum yfirvöldum og sérstakur stuðningur við þróun tungumálaverkfæra og -aðfanga fyrir þau tungumál bandalagsins sem mesta þörf hafa fyrir slíka aðstoð. Í tengslum við alla starfsemi sem nýtur fjárstuðnings skal láta þess getið, þegar við á, að um stuðning frá bandalaginu sé að ræða.

(¹) Stjtið. EB nr. L 356, 31. 12. 1977, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB, Euratom, KSE) nr. 2335/95 (Stjtið. EB nr. L 240, 7. 10. 1995, bls. 12).